

Fundargerð 13.02.2025

Mætt voru: Linda Ösp Grétarsdóttir og Ellý Erlingsdóttir fulltrúar kennara, Steinunn Þorsteinsdóttir fulltrúi starfsfólks og Margrét Ólöf aðstoðarskólastjóri sem stýrði fundi og ritaði fundargerð.

Kolbrún Björnsdóttir námsráðgjafi og Róbert Gíslason deildarstjóri tómstunda komu á fundinn vegna kynningar á forvarnarstarfi í Setbergsskóla.

Dagskrá:

- **Skóladagatal 2025 – 2026.**

Margrét Ólöf fór yfir drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2025- 2026.

Búið er að samræma að allir grunnskólar í Hafnarfirði hefja skólastarf á sama degi og einnig verða skólaslitin samræmd.

Starfsfólk Setbergsskóla ætlar í námsferð dagana 16.- 21. október 2025. Gert er ráð fyrir að 16. október verði skipulagsdagur og 17. október samtalsdagur sem kennarar vinna af sér þ.e. samtölin verða tekin áður.

- **Forvarnarstarf í Setbergsskóla.**

Kolbrún fór yfir forvarnaráætlun Setbergsskóla og það verklag sem viðhaft er í skólanum.

Forvarnarteymi er einnig starfandi á vegnum Hafnarfjarðarbæjar og Setbergsskóli á fulltrúa í því.

Hlutverk eineltis- og forvarnateymis er tvíþætt:

- **Annars vegar** mótar teymið forvarnarstefnu og forvarnaráætlun skólans.

Teymið leggur línur að forvarnaráætlun með forvarnarþáttum og forvarnarverkefnum sem ná til allra árganga skólans.

Teymið endurskoðar og gerir breytingatillögur á áætluninni og fylgir henni eftir.

Forvarnaráætlun skólans byggir á forvarnarþáttunum; geðrækt, kynheilbrigði, ófældisvarnir, lýðheilsa, svefn og skjánotkun, margbreytileikinn, tóbaks- áfengis- og vímuvarnir.

Skólaráð

- **Hins vegar** fylgir teymið eftir tilkynningum sem berast um grun um neikvæð samskipti/grun um einelti.

Teymið er kennurum til stuðnings við **úrlausn eineltismála** og tryggir að unnið sé eftir áætlun skólans gegn einelti og andfélagslegri hegðun.

Skólinn vinnur samkvæmt Olweusaráætlun í eineltismálum sem er heildstæð áætlun sem nær til allra anga skólastarfsins og til aðila í samfélagi skólans.

- **Dæmi um forvarnarverkefni í Setbergsskóla:**

- Nemendaviðtöl
- Bekkjarfundir
- Bekkjarforeldrafundir
- Tengsla- og líðan kannanir
- Fræðsla um einelti
- Stöndum saman
- Áföll og sorg
- Kvan
- Vöndugreining
- Fræðsla hjúkrunarfræðings
- Brúðuleikhúsið
- Líkaminn minn
- Sjúk ást
- Build

Setrið:

Róbert fór yfir þau forvarnarverkefni sem tengjast félagsmiðstöðinni. Setrið er með fræðslu sem tengist Samfés, Sjúk ást og einnig hafa starfsmenn Setursins komið að Buildfræðslunni í 8. Bekk ásamt kennurum og námsráðgjafa.

Það er opið 3x í viku í Setrinu á kvöldin og það hefur mikið forvarnargildi.

Götuvitinn sinnir vettvangsstarfi eftir lögbundinn útivistartíma í samstarfi við foreldrafélög en er einnig kominn í samstarf við önnur sveitarfélög á stórhöfuðborgarsvæðinu. Starfið beinist að þeim börnum sem eru í hvað mestri áhættu. Það er oft börnin sem mæta lítið í félagsmiðstöðvar.

Skólaráð

- Önnur mál:

Fundi slitið,

Margrét Ólöf Jónsdóttir.